

**Tillaga um tekjumörk vegna afsláttar
af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2017**

Lagt er til 9,7% hækkun sem er í takt við hækkun ellilífeyris á milli árunna 2015 og 2016.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2016):

með tekjur allt að kr. 3.217.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.217.001 – 3.725.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.725.001 – 4.227.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2016):

með tekjur allt að kr. 5.320.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.320.001 – 5.949.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.949.001 - 6.579.000 er veittur 50% afsláttur

Borgarnesi 27. desember 2016.

Eiríkur Ólafsson
fjármálastjóri

Hjördís Hjartardóttir
félagsmálastjóri